



Fyrirmyndarhérað ÍsÍ – vinnuferill v. umsókna

1. Íþróttahérað hefur samband við ÍsÍ og sýnir áhuga á viðurkenningu sem Fyrirmyndaríþróttahérað.
2. Starfsmaður ÍsÍ fer yfir gátlista Fyrirmyndarhéraða með fulltrúa héraðsins og útskýrir einstaka liði listans.
3. Starfsmaður ÍsÍ sendir íþróttahéraði jafnframt skjalið „Gerð og útlit handbóka – leiðbeiningar íþróttahéraðs“ og fer yfir efni skjalsins með fulltrúa héraðsins.
4. Íþróttahéraðið vinnur að gerð handbókar og þ.m. þeirra þátta sem eru á gátlistanum.
5. Íþróttahéraðið getur hvenær sem er sent hluta gagna til yfirlesturs hjá ÍsÍ, handbókin þarf ekki að vera fullgerð á þeim tímamarki.
6. Starfsmaður ÍsÍ fer yfir gögnin hverju sinni og sendir íþróttahéraði þær aths. sem hann hefur eða eftir atvikum samþykkir.
7. Gögn er lúta að atriðum gátlistans eru send á milli starfsmanns ÍsÍ og fulltrúa héraðs þar til þau hafa verið samþykkt af viðkomandi starfsmanni ÍsÍ. Samskipti héraðs og ÍsÍ geta verið með ýmsum hætti s.s. með tölvupósti, í gegnum síma, á Teams o.fl.
8. Þegar öll gögn gátlistans hafa verið samþykkt af starfsmanni ÍsÍ og útlit handbókar sömuleiðis eru gögnin borin undir í.þ.m. einn annan starfsmann stjórnsýslusviðs ÍsÍ til endanlegrar samþykktar.
9. Auk fyrrgreindra gagna þarf íþróttahéraðið að skila inn til ÍsÍ formlegri umsókn um viðurkenningu, undirritaðri af stjórnarmanni eða starfsmanni.
10. Íþróttahéraðið sendir ósk um dags- og tímasetningu fyrir afhendingu viðurkenningar sem helst skal tengjast viðburði á vegum héraðsins eða öðrum viðburði við hæfi.
11. ÍsÍ og íþróttahéraðið koma sér saman um endanlega dags- og tímasetningu sem hentar báðum aðilum.
12. Fulltrúi ÍsÍ sendir íþróttahéraði skjalið „Eftir viðtöku viðurkenningar – leiðbeiningar íþróttahéraða“ og leggur áherslu á efni skjalsins.
13. Fulltrúi ÍsÍ (helst úr framkvæmdastjórn) afhendir íþróttahéraði viðurkenninguna í lit og A3 stærð í ramma auk fána Fyrirmyndarhéraða. Auk þess sendir ÍsÍ héraðinu merki Fyrirmyndarhéraða á stafrænu formi til notkunar í starfi héraðsins s.s. á heimasíðu, bréfsefni og auglýsingar.
14. Viðurkenningin gildir til fjögurra ára í senn en héraðið skal engu að síður senda árlega til ÍsÍ uppfærða handbók og eftir atvikum fylgigögn til yfirferðar og samþykktar.
15. Að fjórum árum liðnum sækir íþróttahéraðið um endurnýjun viðurkenningar og skilar inn uppfærðri handbók og eftir atvikum fylgigögnum auk formlegrar umsóknar um endurnýjunina til ÍsÍ og ferillinn endurtekur sig.